

Nr. 34.
11.
desbr.

Lög

um

samþykktir um kynbætur hesta.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um kynbætur hesta á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á fundinum allir þeir hjeraðsbúar, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr.

Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr., frumvörp til samþykktar þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $\frac{2}{3}$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir það síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álitum sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $\frac{2}{3}$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Nr. 34. Lög 11. desbr. um samþykktir um kynbætur hesta.

Lov

om

Nr. 34.
11te
Decbr.

Bedtægter angaaende Forædling af Hesteracen.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til at affatte Bedtægter angaaende Forædling af Hesteracen paa den Naade og med de Indskrænkninger og Betingelser, som nærværende Lov foreskriver.

§ 2.

Naar et Sysselforstanderskab finder det nødvendigt eller hensigtsmæssigt at oprette en Bedtægt enten for hele Syssellet eller for en Del af samme, har det at indkalde et almindeligt Møde i det Distrikt, for hvilket Bedtægten paatænkes at skulle gælde, og have paa dette Møde Stemmeret alle de Beboere af Distriktet, som ere valgberettigede til Altinget.

Sysselforstanderskabet bestemmer Stedet og Dagen for Mødet med tilstrækkelig Varjel. Forhandlingerne paa Mødet ledes af Sysselmanden eller efter Forstanderskabets Bestemmelse af et andet af dets Medlemmer.

Derfor Mødets Leder maa foretage en Rejse til Mødestedet, erholder han 2 Kr. om Dagen i Diæter og desuden Rejseomkostninger efter Regning, som Sysselforstanderskabet deciderer, og som udbetales af Sysselløsts Kasse.

§ 3.

Sysselforstanderskabet forelægger de i § 2 omhandlede Møder til Erklæring og Afstemning Forslag til saadanne Bedtægter, som paatænkes oprettede.

Naar Forsamlingen har vedtaget Sysselforstanderskabets Forslag med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, har Forstanderskabet at indsende Forslaget til Amtet til Stadfæstelse. Men er der paa Mødet fremkommet Vædringsforslag til Forslaget, som ere blevne vedtagne med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, optager Sysselforstanderskabet dem i Forslaget, for sa vidt det finder dem begrundede, og indsender derefter Forslaget til Amtet som ovenfor foreskrevet. Anser derimod Sysselforstanderskabet Vædringsforslagene for uantagelige, lader det Distriktets Beboere paany afstemme om, hvorvidt de onste Forslaget stadfæstet uden de omhandlede Vædringer, og dersom Forsamlingen da vedtager Forslaget med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, bør det indsendes til Amtet til Stadfæstelse.

Nr. 34. Lov af 11te December om Bedtægter angaaende Forædling af Hesteracen.

Nr. 34. Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt
 11. með $\frac{2}{3}$ atkvæða á hjeradsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi
 desbr. sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

4. gr.

Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefur tiltekið, skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Ef breyta skal, eða nema úr gildi samþykkt, er náð hefur staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í 3. gr. þessara laga um samning samþykktar. Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

5. gr.

Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áriðandi eru fyrir hestæræktina í því hjeradi, er samþykktin nær yfir, svo sem um geldingu hestfólalda og graðhesta, sem álitnir eru lítt hæfir til undaneldis.

Svo má og með samþykkt setja reglur til tryggingar því, að slíkir hestar, er líklegir þykja til að spilla hestakyninu, sjeu eigi látnir ganga lausir innan um hross á afrjettum eða í heimalöndum.

6. gr.

Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

7. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—50 króna, er renni í sveitarsjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sekta.

8. gr.

Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. desbr. 1891.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Det Forslag eller Vædringsforslag til et Forslag, som ikke paa et Distrikts-Nr. 34. møde er blevet vedtaget med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, betragtes som bortfaldet, og maa ^{11te} Decbr. ikke genoptages i et nyt Udkast fra Sysselforstanderskabet førend efter et Aars Forløb

§ 4.

Finder Amtmanden, at Bestemmelserne i en til ham til Stadfæstelse indsendt Vedtægt træde Enkeltmands Ret for nær eller paa en eller anden Maade komme i Strid med Lovene eller Lovenes Grundsætninger, nægter han at stadfæste Vedtægten og tilkendegiver Sysselforstanderskabet Grundene for sit Afslag. I modsat Fald stadfæster han Vedtægten, foranstalter den bekendtgjort, samt bestemmer, naar den skal træde i Kraft, og skal den fra den af Amtmanden fastsatte Dag være forbindende for alle, som bo inden Grænserne af det Distrikt, for hvilket Vedtægten skal gælde.

En af Amtet stadfæstet Vedtægt kan kun forandres eller ophæves under Sagttagelse af de i denne Lovs § 3 om en Vedtægts Tilblivelse fastsatte Regler. Amtet træffer Foranstaltning til, at Vedtægterne blive optagne i Regeringstidenden, Afdeling B.

§ 5.

I de omhandlede Vedtægter kan der træffes Bestemmelser angaaende saadanne Punkter, som ere af Vigtighed for Hesteopdrætningen i det Distrikt, for hvilket Vedtægten gælder, saasom om Gildning af Hingstfol og Hingste, som anses mindre skikede til Bædning.

Ligeledes kunne i en Vedtægt fastsættes Regler til Betyggelse imod, at man lader saadanne Heste, som kunne ventes at ville have en stabelig Indvirkning paa Hesteracen, gaa løse sammen med andre Heste paa Fjeldgræssgangene eller Bygdegræssgangene.

§ 6.

Enhver Vedtægt bør indeholde nøjagtig Forskrift angaaende det til dens Overholdelse nødvendige Tilsyn samt angaaende Afholdelsen af Omkostningerne derved.

§ 7.

For Overtrædelse af en autoriseret Vedtægt kan der bestemmes Bøder af 1—50 Kr., som tilfalde vedkommende Kommunekasse. Dog kan der tillægges Angiveren indtil det halve af Bøderne.

§ 8.

Overtrædelser af Vedtægterne behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11te December 1891.

Under Vor Kongelige Haand og Segl

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.